**3264. fundur bæjarráðs, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stillholti 16-18, 15. október 2015 og hófst hann kl. 16:30**

**Fundinn sátu:**
Ólafur Adolfsson formaður, Valdís Eyjólfsdóttir varaformaður, Ingibjörg Valdimarsdóttir aðalmaður, Vilborg Þ. Guðbjartsdóttir áheyrnarfulltrúi, Jóhannes K. Guðjónsson varaáheyrnarfulltrúi og Steinar Dagur Adolfsson sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs.

**Fundargerð ritaði:** Steinar Adolfsson, sviðsstjóri.

**Fyrir tekið:**

1. **1506094 - Brunabótafélag - aðalfundarboð fulltrúaráðs**

16. aðalfundur fulltrúaráðs Eignarhaldsfélagsins Brunabótafélags Íslands.

*Fundargerðin lögð fram til kynningar.*

2. **1502110 - Frumvörp og þingsályktunartillögur til umsagnar**

3. mál um almannatryggingar.
4. mál um byggingarsjóð Landspítala.
15. mál um bráðaaðgerðir til að tryggja öllum húsnæði á viðráðanlegum kjörum.
16. mál um styrkingu leikskóla og færðingarorlofs.
35. mál um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá og málefni aldraða.
101. mál um landsskipulagsstefnu 2015-2026.
133. mál um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsöguleigum minjum.
140. mál um náttúruvernd (varrúðarregla, almannaréttur, sérstök vernd, framandi tegundir o.fl.)

*Lagt fram.*

3. **1510042 - Jafnt búsetuform barna - skýrsla**

Erindi innanríkisráðuneytisins um skýrsla um jafnt búsetuform barna sem búa á tveimur heimilum. Umsagnir þurfa að berast til og með 15. október.

*Lagt fram.*

4. **1411071 - Framkvæmdaáætlun 2015 - ráðstöfun fjármuna**

Endurskoðun fjárfestingar- og framkvæmdaáætlunar 2015. Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs tekur sæti á fundinum.

*Sigurður Páll Harðarson, sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs tekur sæti á fundinum undir þessum lið.*

*Málinu frestað.*

5. **1509174 - Framlög úr jöfnunarsjóði til eflingar tónlistarnámi - breytingar**

Bréf Innanríkisráðuneytisins er varðar tímabundna breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga um eflingu tónlistarnáms og jöfnun á aðstöðumun nemenda til námsins sem undirritað var 13. maí 2011.

*Lagt fram til kynningar.*

6. **1509323 - Aðalskipulag Hvalfjarðarsveitar 2008 -2022**

Breyting Aðalskipulags Hvalfjarðarsveitar 2008-2022. Frestur til að skila inn athugasemdum er til og með 23. október 2015.

*Bæjarráð vísar erindinu til afgreiðslu hjá skipulags- og umhverfisráði.*

7. **1509358 - Hvalfjarðarsveit - skilarétt vestan Akrafjalls**

Erindi Hvalfjarðarsveitar þar sem óskað er eftir viðræðum vegna fjárréttar vestan Akrafjalls.

*Bæjarráð þakkar fyrir erindið og felur Steinari Adolfssyni sviðsstjóra stjórnsýslu- og fjármálasviðs og Sigurði Páli Harðarsyni sviðsstjóra skipulags- og umhverfissviðs að mæta fyrir hönd Akraneskaupstaðar til viðræðna við fulltrúa Hvalfjarðarsveitar.*

8. **1510062 - Fjárlög 2016 (fjárlagabeiðnir 2015)**

Umsögn Akraneskaupstaðar vegna fjárlagafrumvarps 2016.

*Umsögnin lögð fram til kynningar.*

9. **1509315 - Bæjarhátíðir 2016, dagsetningar**

Erindi menningar- og safnanefndar Akraness þar sem lagðar eru fram dagsetningar fyrir hátíðarhöld 2016.

*Erindið lagt fram til kynningar. Bæjarráð óskar eftir kynningu frá formanni menningar- og safnanefndar á fyrirhuguðum viðburðum.*

10. **1509321 - Bjarnalaug - heitur pottur**

Í septembermánuði bárust þrjú erindi þar sem skorað er á bæjaryfirvöld á Akranesi að ráðast, án tafa, í framkvæmdir við heitan pott við Bjarnalaug.

*Erindin og svarbréf bæjarstjóra lögð fram til kynningar.*

11. **1510033 - Fjólulundur 6-8 - umsókn um byggingarlóð**

Umsókn Trésmiðjunnar Akurs um byggingarlóð að Fjólulundi 6 og 8.

*Bæjarráð samþykkir úthlutun lóðanna að Fjólulundi 6 og 8 til Trésmiðjunnar Akurs ehf.*

12. **1510069 - Baugalundur 16 - umsókn um byggingarlóð**

Umsókn Grenja ehf. um einbýlishúsalóð að Baugalundi 16.

*Bæjarráð samþykkir úthlutun byggingarlóðar að Baugalundi 16 til Grenja ehf.*

## 13. 1510048 - Stillholt 23 - Thai Santi ehf. - umsögn v/umsóknar um veitingaleyfi

Erindi Sýslumannsins á Vesturlandi þar sem óskað er eftir umsögn um beiðni Thai Santi ehf., um rekstrarleyfi veitingastaðar í flokki II, veitingahús, að Stillholti 23.

*Afgreiðsla bæjarstjóra samkvæmt 75. gr. samþykktar um stjórn og fundarsköp Akraneskaupstaðar lögð fram til kynningar.*

## 14. 1501415 - Kútter Sigurfari - staða mála

*Bæjarráð samþykkir að senda erindi til Minjastofnunar Íslands með beiðni um heimild Akraneskaupstaðar til að nýta áður veittan 5 mkr. styrk frá forsætisráðuneytinu í fyrsta áfanga verkefnisins til varðveislu heimilda um Kútter Sigurfara.*

*Verkefnið byggir á tillögum þjóðminjavarðar um framtíðarvarðveislu heimilda um kútterinn.*

## 15. 1509376 - Heimili og skóli - dekkjakurl í gervigrasvöllum

Ályktun stjórnar Heimilis og skóla þar sem farið er fram á það við sveitarfélög landsins að gervigrasvellir sem þaktir eru gúmmíkurli úr dekkjum verði endurnýjaðir í ljósi upplýsinga um að dekkjakurl á fótboltavöllum innihaldi krabbameinsvaldandi efni.

*Bæjarráð felur sviðsstjóra skipulags- og umhverfissviðs að vinna áfram að málinu og leggur áherslu á að vinnunni ljúki sem fyrst.*

## 16. 1501015 - Boð, fundir, ráðstefnur, námskeið, kannanir, kynningar o.fl. 2015

Skólaþing sveitarfélaga verður haldið mánudaginn 2. nóvember næstkomandi á Hilton Reykjavík Nordica hótelinu.

*Bæjarráð samþykkir að Sigríður Indriðadóttir formaður skóla- og frístundaráðs, Regína Ásvaldsdóttir bæjarstjóri, Steinar Adolfsson sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs og Svala Hreinsdóttir verkefnastjóri skóla- og frístundasviðs sæki skólaþingið.*

## 17. 1510065 - Capacent könnun - þjónusta sveitarfélaga 2015

Tillaga bæjarstjóra vegna könnunar Capacent Gallup á viðhorfi íbúa með þjónustu sveitarfélaga.

*Bæjarráð samþykkir að Akraneskaupstaður taki þátt í árlegri könnun Capacent Gallup á þjónustu stærstu sveitarfélaga landsins.*
*Fjárhæðinni, samtals kr. 428.000 verður ráðstafað af liðnum óviss útgjöld 20830-4495.*

## 18. 1508429 - Móttaka flóttafólks

Erindi Sambandsins vegna móttöku sveitarfélaga á flóttamönnum.

*Lagt fram til kynningar.*

**19. 1402046 - Íbúðir í eigu Íbúðalánasjóðs**

Erindi Íbúðalánasjóðs þar sem óskað er eftir viðræðum um kaup á eignum sjóðsins á Akranesi.

*Bæjarráð felur bæjarstjóra að óska eftir fundi með forstjóra Íbúðalánasjóðs.*

**20. 1509142 - N4 - sjónvarpsþáttagerð um Vesturland**

Erindi Sambands sveitarfélaga á Vesturlandi vegna sjónvarpsþáttagerðar um Vesturland.

*Bæjarráð lýsir yfir vilja til að taka þátt í verkefninu og felur bæjarstjóra að fara í viðræður um framgang þess.*

**21. 1510029 - Forstöðumaður menningar- og safnamála**

Ráðning forstöðumanns menningar- og safnamála.

*Bæjarráð samþykkir starfslýsingu og tillögu að auglýsingu á nýjum forstöðumanni menningar- og safnamála. Ennfremur samþykkt að leita til ráðningarskrifstofunnar Hagvangs við undirbúning ráðningar. Fjárhæðinni verður ráðstafað af liðnum 20830-4995.*

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 19:40.**

Valdís Eyjólfsdóttir
Jóhannes Karl Guðjónsson
Ingibjörg Valdimarsd
Vilborg Þ. Guðbjartsdóttir